

## Minnisblað - 1907006

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Jafnlaunavottun*

Dags.: 22.09.2020

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 19/2008 áttu opinberar stofnanir þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði að hafa fengið vottun á jafnlaunakerfi fyrir árslok 2019. Þetta náðist ekki hjá Dalabyggð sem er eitt af 53 sveitarfélögum sem áttu að ljúka vottun á sl. ári.

Í fjárhagsáætlun 2020 voru áætlaðar 2 millj.kr. til jafnlaunavottunarinnar.

Unnið hefur verið að þessu verkefni. Samið var við Ragnheiði Agnarsdóttur ráðgjafa um að aðstoða við verkefnið og vottunarfyrirtækið lcert um úttekt fyrir vottunina. Þunginn af vinnunni við vottunina hefur verið hjá Magnínu Kristjánsdóttur skrifstofustjóra.

Nú liggur fyrir starfagreining, skjalastefna, jafnlaunahandbók og starfslýsingar. Næstu skref eru launagreining, rýni stjórnenda og innri úttekt. Að henni lokinni fer fram vottunarúttekt sem lcert sér um. Hún skiptist í forúttekt og síðan tvær aðalúttektir, fyrst í október 2020 og svo í október 2021. Síðan fer fram úttekt á tveggja ára fresti.

## Jafnlaunakerfi er hringrás aðgerða

